

Kennsluáætlun

Myndmennt í 4. bekk

Í myndmennt eru 4 kennslustundir á viku í 4. bekk. Kennari er Margrét Andrea Larsdóttir.

Vinnulag

Hér skal gerð stutt samantekt á því sem tekið verður fyrir í faginu í vetur. Nemendur bera ábyrgð á að skrifa niður heimanám, jafnframt verður heimanám nemenda aðgengilegt á mentor.is.

Meginviðfangsefni ársins eru: Litafræði, sjálfsmyndir, sviðsmyndagerð og fleira.

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Tjáning	- Efni frá kennara - Efni af veraldarvef	Nemandi getur ... - sagt frá vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverk, - tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt, - útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki, - tjáð að nokkru öryggi tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt, - fjallað um eigin verk.	Símat Leiðsagnarmat
Samskipti	- Efni frá kennara - Efni af veraldarvef	Nemandi getur ... - unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum, - komið fram við aðra af virðingu og kurteisi.	Símat Leiðsagnarmat

Vinnubrögð	- Efni frá kennara - Efni af veraldarvef	Nemandi getur ... - unnið vel og farið eftir fyrirmælum, - sýnt vönduð vinnubrögð og góða umgengni, - unnið sjálfstætt út frá kveikju við eigin sköpun	Símat Leiðsagnarmat
Sköpun	- Efni frá kennara - Efni af veraldarvef	Nemandi getur ... - notað ímyndunaraflið, frumkvæði og hæfileika til að skapa afurð, - nýtt aðferðir og tækni á fjölbreyttan og skapandi hátt, - noti mismunandi tjáningaleiðir í sköpun sinni, - þróað og unnið með eigin hugmyndir.	Símat Leiðsagnarmat

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi,

Margrét Andrea Larsdóttir